

SAMPYKKT
um breytingu á samþykkt um stjórn Reykhólahrepps nr. 685/2013.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn Reykhólahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í stjórnsýsluhúsinu að Maríutröð 5a, annan fímmudag í mánuði kl. 16.30.

2. gr.

18. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Varamenn taki sæti í þeirri röð sem þeir voru kosnir til sveitarstjórnar.

3. gr.

A-liður 39. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

A. Til fjögurra ára á fyrsta fundi að loknum sveitarstjórnarkosningum.

1. *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar.* Kjósa skal þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998 og skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Kjörstjórn kýs sér oddvita og ritara úr sínum hópi. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórnar og laga um kosningar til Alþingis. Enn fremur kýs sveitarstjórn undirkjörstjórnir, jafnmargar og kjördeildir eru, þrjá aðalmenn í hverja og jafnmarga varamenn.
2. *Skipulags-, hafnar- og húsnæðisnefnd.* Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, 10. gr. laga um hafnamál nr. 61/2003 og 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998 og lög um búfjárhald nr. 38/2013. Nánari skilgreining á hlutverki nefndarinnar er samkvæmt erindisbréfi hennar.
3. *Velferðarnefnd.* Sveitarstjórn kýs einn aðalmann og einn til vara skv. samningi sveitarfélaganna Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Strandabyggðar og Reykhólahrepps um skipan, rekstur og starfsemi sameiginlegrar félagsmálanefndar. Velferðarnefnd fer með félagsmál skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Velferðarnefnd fer jafnframt með jafnréttismál skv. lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008.
4. *Mennta- og menningarmálanefnd.* Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008, skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og fer með málefni bókasafna, sbr. lög nr. 150/2012.
5. *Umhverfis- og náttúruverndarnefnd.* Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965, skv. 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, skv. lögum um vatnsveitir sveitarfélaga nr. 32/2004, skv. lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
6. *Brunamála- og almannavarnanefnd.* Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008 og sbr. erindisbréf nefndarinnar.

4. gr.

Við B-lið 39. gr. samþykktarinnar bætast tvær nýir tölfuðir sem verða tölfuðir 8 og 9 og eru svohljóðandi:

8. *Stjórn Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps.* Sveitarstjórn kýs einn aðalmann og einn varamann.
9. *Stjórn Báta- og hlunnindasýningarinna ehf.* Sveitarstjórn kýs einn aðalmann og einn til vara.

Nr. 941

14. október 2014

5. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Reykhólahrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 14. október 2014.

F. h. innanríkisráðherra,

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 29. október 2014